

Hafnarreglugjörð

fyrir

Reykjavíkurborg.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn Reykjavíkurborgar nær yfir skipalægi fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, og takmarkast landmegin af strandlengjunni frá takmörkum lögsagnarumdæmis borgarinnar að vestan, að Elliðaárósum. Skjólgarðar þeir, er liggja frá Örfirisey og Battaríinu, eru takmörk milli ytri og innri hafnarinnar.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sjer um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar. Bæjarstjórnin skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbrjef. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp, eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI.

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sjer um að gætt sje reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning þegar þeir eru að starfi við höfnina. Þyki einhverjum sjer órjettur ger af lægri starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber jafnan að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu sýna þeim kurteisí, er þeir skifta við.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar er framin.

6. gr.

Böð í höfninni eru bönnuð nema með leyfi hafnarstjóra. Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á innri höfninni eða á landi hennar.

7. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. — Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavjel skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. — Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip nje þjetta eldri skip eða gjöra við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi nje öðru slíku. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til,

IV. KAFLI.

Um komu skipa og legu þeirra á höfninni.

10. gr.

Sjerhver skipstjóri, er kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, svo og skipshöfnin, að kynna sjer ákvæði reglugjörðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugjörðinni. Eintak af reglugjörðinni á að vera í hverju skipi meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sjer um að jafnan sje til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugjörðinni á tungumálum þeim, sem hafnarnefnd ákveður.

11. gr.

Í sjerhverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannláus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugjörð þessari.

12. gr.

Hafnarstjóri getur krafist þess, að sjerhvert skip, er liggur við festar á ytri höfninni, verði flutt, ef það að álitu hans tálmar umferð inn í innri höfnina, eða úr henni.

Færist hlutaðeigandi undan að flytja skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefir til tekið og fyrir skipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

13. gr.

Ekki má vera að fiskveiðum á ytri höfninni ef hafnarstjóri telur að það geti hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls eigi fást við fiskveiðar nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

14. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sjer til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skip hans megi liggja.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó má fara inn í innri höfnina án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í tje. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu undan ákvæði þessu skipum, sem heima eiga í Reykjavík eða sigla í föstum farleiðum milli Reykjavíkur og annara staða.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur **100**
 án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri **12. nóv.**
 skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sje að ferma eða afferma skipið, en þá
 á skipstjóri öðrum fremur heimting á að sjer verði vísað á stað, þar sem ferm-
 ingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa í innri höfninni, skal jafn-
 an skylt að flytja skipið á ytri höfnina, er hafnarstjóri krefst þess.

15. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á innri höfninni nema með sjer-
 stöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum
 eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sjerhvert skip, sem ekki er
 bundið við bryggju eða bólvirki, skal hafa fyrirskipuð ljós uppi á fyrirskipuðum
 ljóstíma.

16. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minsta kosti eitt akkeri til-
 búið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðar-
 bátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn,
 brandar dregnir inn og rám snúið.

17. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhring-
 ana, eða við festarstólpa að að tilvisun hafnarstjóra. — Sjeu landfestar úr járn-
 i, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvila á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum
 skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minst umferð á bryggjunni eða ból-
 virkinu. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist að bætt
 sje úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífkefii milli skips og oo virkis eða bryggju, ef hafn-
 arstjóri krefst þess.

18. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega gufuskíp
 hleypa vatni á bryggju eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, nje heldur er
 þau hleypa burt gufuvatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir
 með seglum og hlífúðukum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggj-
 una eða bólvirkið.

19. gr.

Gufuskíp og önnur vjelarskíp mega ekki láta vjelarnar ganga af svo
 miklu aþi, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hættu af því. Skip,
 sem liggja við bólvirki eða bryggju, skulu draga skutinn frá áður en vjelin tek-
 ur til starfa.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI.

Um fermingu og affermingu skipa.

21. gr.

Þegar hafnarstjóri hefir ákveðið hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, uns því er lokið. Ef hlje verður á að nauðsynjalaus, eða sje verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að vikja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

22. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sje lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

23. gr.

Aður en kjölfesta er flutt á skip eða af skipi, skal hafnarstjóra gjört viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru sliku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sje þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða bólvirki.

Skipstjóri skal sjá um að kjölfesta sú, sem flutt hefir verið á land úr skipi hans, sje þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað sem hafnarstjóri visar til.

24. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gjörist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sje gjört, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt burt á stað, sem hafnarstjóri ákveður.

100
12. nóv.

25. gr.

Eigi má vinna að fermingu eða affermingu skipa eða öðrum slíkum verkum í höfninni eða á landi hennar frá því klukkan 10 að kveldi til klukkan 6 að morgni á vetrum, en frá klukkan 12 að kveldi til klukkan 6 að morgni á sumrum, nema með sjerstöku leyfi hafnarstjóra, og skal það leyfi að jafnaði veitt.

VI. KAFLI.

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

26. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni. Á ytri höfninni má að eins leggja þeim með sjerstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sje hafnarnefnd heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, ákveður hver legufæri skuli nota og hefir umsjón með þegar þeim er lagt, svo og með viðhaldi legufæra þeirra.

Á skipum þessum sjeu að minsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á þeim og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum.

27. gr.

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipum, sem heima eiga í Reykjavík, í lægi á ytri höfninni fyrir austan venjulega skipalegu. Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legstaðinn fyrir hvert skip, svo og hver legufæri skuli nota. Uppskipunarbatum, mótorbátum og fiskiskipum má leggja í innri höfninni með leyfi hafnarstjóra, á þeim stað og með þeim skilmálum, sem hafnarstjóri ákveður.

28. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Áður en skipstjórinn fer af skipinu skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingarfróðan mann, sem búsettur sje í Reykjavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sjer hann um að þeim sje fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt hefir verið í lægi.

VII. KAFLI.

Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

29. gr.

Skip, sem flytja púður, steinolíu, terpentínu, bensín, carbíd eða önnur slík efni, sem eldhætta eða sprengingarhætta stafar af, mega ekki koma inn í innri höfnina. Skulu þau fermd og affermd á ytri höfninni undir umsjón hafnarstjóra. Þessi ákvæði ná þó ekki til farpegaskipa og annara skipa, sem sigla í föstum farleiðum og flytja aðallega aðrar vörur en þær, sem áður voru nefndar. Sömu- leiðis getur hafnarstjóri í líkum tilfellum stöku sinnum veitt öðrum skipum undanþágu undan ákvæðum þessum, er sjerstök atvik mæla með því. Skal hafnarstjóri sjá um, að brunamálanefnd fái þegar tilkynningu um fermingu og affermingu slíkra farma, áður en byrjað er að ferma eða afferma.

Skotbaðmull, nitroglycerin, dynamit og þess konar sprengiefni má ekki skipa upp nema með leyfi brunamálanefndarinnar og skal hún í hverju einstöku tilfelli ákveða, hvernig því skuli skipað upp.

30. gr.

Eigi má flytja í 1 bát af skipi eða á meira en 40 tonn (8000 lítra) af steinolíu, bensíni eða öðrum slíkum vökvum. Á lendingarstaðnum eða á þilfari skipsins má aldrei liggja í einu meira en einn bátsfarmur, nema með sjerstöku leyfi hafnarstjóra. Þegar fermingu eða affermingu er hætt um stundarsakir, skal bygja lestaropin, en gæta skal þess, að loftrás úr lestinni stöðvist ekki.

31. gr.

Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gjörðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

32. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 29. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VIII. KAFLI.

Yms ákvæði.

33. gr.

Auk gjalda þeirra, er talin eru upp í 10. gr. hafnarlaga 11. júlí 1911, skal greiða gjöld fyrir notkun á áhöldum hafnarinnar, vindum, flekum o. s. frv. Sömuleiðis skal gjalda leigu fyrir notkun á geymslustöðum hafnarinnar. Öll gjöld þessi skulu ákveðin í sjerstakri reglugjörð.

34. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sjerstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt, sem hafnarstjóri krefst þess. Sje það eigi gjört, lætur hafnarstjóri gjöra það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

35. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

100

12. áv.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðilja um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gjöra skal það áður en 1 mánuður sje liðinn frá því er matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

36. gr.

Enginn, sem bakað hefir sjer refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugjörð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

37. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

38. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynt um alt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslur um það.

39. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugjörð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

40. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari vörða sektum frá 10—500 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

41. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

100

12. nóv.

42. gr.

Hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 15. febrúar 1911 er hjer með úr gildi numin.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið, er hjer með staðfest, samkvæmt lögum nr. 19, 11. júlí 1911, til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 12. nóvember 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.